



Bæjarstjórn Blönduósbæjar

18. FUNDUR – 9. október 2007

Bæjarstjórn Blönduósbæjar kom saman til 18. fundar þriðjudaginn 9. október 2007 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33. Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnaði honum. Einar Kolbeinsson ritaði fundargerð. Mæting er samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. **Fundargerð bæjarráðs frá 4. október sl.**
2. **Fundargerð fræðslunefndar frá 2. október sl.**
3. **Tillaga frá fulltrúum Á og D lista um stöðu bæjarstjóra.**

Forseti bar upp tillögu um að taka upp liðinn “önnur mál” og var það samþykkt samhljóða.

Afgreiðslur:

1. **Fundargerð bæjarráðs frá 4. október sl.**

Fundargerðin sem er í 9 liðum, kynnt og tekin til afgreiðslu og umræðu. Því næst var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

2. **Fundargerð fræðslunefndar frá 2. október sl.**

Fundargerðin sem er í 5 liðum, kynnt og tekin til afgreiðslu og umræðu. Að umræðum loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

3. **Tillaga frá fulltrúum Á og D lista um stöðu bæjarstjóra.**

Lögð var fram svohljóðandi tillaga:

Undirritaðir bæjarfulltrúar D og Á-lista leggja til að staða bæjarstjóra Blönduósbæjar verði auglýst laus til umsóknar. Undir tillöguna rita Ágúst Þór Bragason, Kári Kárason og Valdimar Guðmannsson.

Þá var lögð fram eftirfarandi tillaga:

Fulltrúar E-listans í bæjarstjórn Blönduósbæjar gera tillögu um að Arnar Þór Sævarsson, lögfræðingur verði ráðinn bæjarstjóri á Blönduósi út kjörtímabilið sem lýkur í maí 2010. Fráfarandi bæjarstjóra er falið að ganga frá ráðningasamningi við Arnar Þór. Undir tillöguna rita Valgarður Hilmarsson, Héðinn Sigurðsson, Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson og Jóna Fanney Friðriksdóttir.

Umræður urðu um verklag meirihlutans við ráðningu nýs bæjarstjóra og miðlun upplýsinga þar um til bæjarstjórnarfulltrúa. Þá var tillaga E-lista borin undir atkvæði og samþykkt með 4 atkvæðum.

4. **Önnur mál.**

Á fundi Héraðsnefndar þann 3. október sl. var því beint til aðildarsveitarfélaga að skipaður verði starfshópur tveggja fulltrúa frá hverju sveitarfélagi til að fara yfir með hvaða hætti verkefnum héraðsnefndarinnar verði háttað. Bæjarstjórn samþykkir að bæjarstjóri og forseti bæjarstjórnar taki sæti í starfshópnum. Fulltrúi Blönduósbæjar í héraðsráði verði varamaður í hópnum.

Tillagan borin upp og samþykkt með 4 atkvæðum.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 17:25

Valgarður Hilmarsson (sign.)

Einar Kolbeinsson (sign.)

Héðinn Sigurðsson (sign.)

Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)

Kári Kárason (sign.)

Ágúst Þór Bragason (sign.)

Valdimar Guðmannsson (sign.)